



Neysla landsmanna í febrúar nokkuð mikil innanlands

Neysla Íslendinga jókst um 5,6% innanlands í febrúar miðað við fast verðlag og dróst saman um 45% erlendis miðað við fast gengi. Veirusmit voru fá í febrúar og tilslakanir á sóttvarnaraðgerðum hafa orðið til þess að Íslendingar eyddu til að mynda meiru á veitingastöðum og í gistiþjónustu en á síðustu mánuðum.


Seðlabanki Íslands birti í síðustu viku gögn um veltu innlendra greiðslukorta í febrúar.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 63,4 mö.kr. og jókst um 5,6% milli ára miðað við fast verðlag. Kortavelta Íslendinga erlendis nam alls 8,2 mö.kr. og dróst saman um 45% milli ára miðað við fast gengi. Samanlagt dróst kortavelta saman um 4% milli ára í febrúar miðað við fast gengi og fast verðlag.

Þetta er talsvert minni samdráttur en mældist í janúar þegar neyslan dróst saman um 8% milli ára. Munurinn skýrist af kraftmeiri neyslu innanlands sem má að líkindum rekja til fárra smita og tilslökunum á sóttvarnaraðgerðum. Skemmtistaðir og krár fengu að opna dyr sínar á ný í byrjun mánaðarins og kortavelta jókst á veitingastöðum. Íslendingar voru einnig duglegir að ferðast og nýta sér gistiþjónustu á hótélum og er það sjáanlegt á kortaveltunni.

Kortavelta Íslendinga á hótélum og veitingastöðum sveiflast með bylgjum faraldursins


Kortavelta Íslendinga á gististöðum nam alls 576 m.kr. í febrúar sem er 34% meiri velta en í febrúarmánuði fyrir ári síðan miðað við fast verðlag. Kaup á gistiþjónustu er sá útgjaldaliður sem hefur sveiflast mest í neyslu Íslendinga frá því að veirufaraldurinn hófst. Neyslan varð allt að 173% meiri sl. sumar þegar sumarfrí landsmanna voru nýtt til ferðalaga innanlands, en dróst einnig talsvert saman þegar faraldurinn stóð sem hæst, mest um 80% milli ára í apríl í fyrra.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta Íslendinga á gisti- og veitingastöðum frá upphaf Covid-19-faraldursins



Velta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV. Heimild: RSV, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



Í febrúar mældist aukning á ný og er það í fyrsta sinn síðan í september í fyrra. Svipaða sögu er að segja um neyslu Íslendinga á veitingastöðum, sem hefur sveiflast nokkuð með bylgjum faraldursins, og jókst í febrúar um 2% milli ára miðað við fast verðlag. Það er í fyrsta sinn sem aukning mældist síðan í júlí í fyrra. Báðir þessir útgjaldaliðir jukust nokkuð meira í febrúar en þróunin frá upphafi faraldursins hefur sýnt.


Kortavelta í fataverslunum jókst einnig nokkuð meira í febrúar en á fyrri mánuðum, eða alls um 25% milli ára miðað við fast verðlag, en að jafnaði hafa fatakaup aukist um 11% milli ára frá því að faraldurinn hófst. Færri utanlandsferðir og aukin innlend verslun eru að líkindum það sem skýrir þessa aukningu.

Aðrir liðir þróuðust með svipuðum hætti

Sem fyrr var neysla Íslendinga í febrúar þó mest í stórmörkuðum og dagvöruverslunum. Íslendingar eyddu ríflega 16 mö.kr. þar, sem er 11% meira en í febrúarmánuði í fyrra miðað við fast matar- og drykkjaverð. Að jafnaði hefur mánaðarleg kortavelta í stórmörkuðum og dagvöruverslunum mælst um 15% meiri en sama mánuð árið áður frá því að faraldurinn hófst.

Aukningin í kortaveltu í febrúar var þó hlutfallslega mest í raf- og heimilistækjaverslunum, þar sem hún jókst um 38% milli ára. Frá því að faraldurinn hófst hefur aukningin að jafnaði mælst mest í þessum verslunum sem bendir til þess að margir séu að nýta tímann núna þegar ferðalög eru takmörkuð til þess að gera upp heimili sín og skipta út eldri raf- og heimilistækjum.

Kortavelta Íslendinga eftir útgjaldaliðum



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.